



6. bekkur Félagsfræði

Í vetur verður fjallað ítarlega um meginkenningar félagsfræðinnar og helstu fræðimenn hennar. Einnig verða kenndar og þjálfaðar aðferðir við framkvæmd félagsfræðilegra rannsókna og framsetning á rannsóknarniðurstöðum.

Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara sem og nemenda. Auk minni verkefna munu nemendur vinna tvö stærri rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara, þar sem lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nemendur;

þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni

geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræðinnar og skilji hvernig kenningaleg nálgun tengist viðfangsefnum og aðferðum félagsfræðirannsókna

geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.

þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu

geti skipulagt og framkvæmt einfaldar félagsfræðirannsóknir og komið niðurstöðum þeirra á framfæri á vandaðan hátt.

Námsefni:

Félagsfræði II. Kenningar og samfélag. Garðar Gíslason. Ný útgáfa 2016.

Efni af veraldarvefnum sem nemendur nálgast í verkefnavinnu í kennslustundum.

Glærur kennara á námsneti

Annað efni frá kennara

Námseinkunn:

Kaflapróf	Haldin í október , nóvember og febrúar	30
Megindleg rannsókn	Hópverkefni á haustönn	20
Eigindleg rannsókn	Einstaklingsverkefni á vorönn	25
Vetrarástundun	Mæting og virkni í tímum. Verkefnaskil	25

Stúdentsprófseinkunnin er meðaltal náms- og vorprófseinkunnar. Ekki verður jólapróf heldur verður jólaeinkunn reiknuð út frá frammistöðu í kaflaprófum haustsins og meginlegu rannsóknarverkefni.

Vinnuáætlun vorannar

Vika	Efni
1	3. kafli. Samskipti
2	Peter Berger. Táknræn samskipti. <i>Sleppa. W.I. Thomas bls. 132-133 að Félagsháttafræði.</i> Harold Garfinkel
3	Hugmyndir um sjálfið. <i>Sleppa C.H. Cooley bls. 138 og Georg Herbert Mead bls. 142</i>
4	Leikræn greining. Aðstoð eða afskiptaleysi. Erving Goffman.
5	Samskipti með eða án orða. Hnatrænar leikreglur. Tilfinningar. <i>Sleppa rannsókn Hochschild bls. 158-160 (að Nálægð)</i>
6	Nálægð. Snerting (slepp félagsleg lagskipting bls. 164-165). Orðabók líkamans.
7	Tungumál og viðmið. Læknar og sjúklingar. Málnotkun. Kaflapr. 3. Verkefni bls. 176-178, bls. 176 öll hugtök nema 19 og 20. Spurningar á bls. 177-178 allar nema; 6,7,20,22,23,24,25,26, 29,30 (spurningar 29 og 30 verða teknar fyrir í umræðum ef tími gefst til)
8	Eigindleg rannsókn kynnt.
9	5. kafli. Frávik og afbrot Kenningar. Milgram tilraunin. Félagsfræðilegar kenningar
10	Samvirkni, - samskipta- og áttakakenningar.
11	Afbrotufræði og konur. Draumasamfélag ef.... Afbrot og tölfræði.
12	Helstu tegundir afbrota. Fangelsi. Refsingar. Rannsóknir á dauðarefsingum. <i>Sleppa Stanford-tilraunafangelsið bls. 280-284.</i> Hvað er hægt að gera til að sporna við afbrotum? Verkefni bls. 289-291 Öll orð og hugtök bls. 289 Allar spurningar bls. 290-291 nema 13,14,15,23
13	Skil rannsóknarskýrslu Nemendur kynna eigin rannsóknir. Upprifjun.
14	Nemendur kynna eigin rannsóknir. Upprifjun

Nemandi framkvæmir eiginlega rannsókn og skilar skýrslu um hana. Gott er að byrja strax að huga að rannsóknarefninu. Verkefnið felur í sér að:

- a) Setja fram rannsóknarspurningu
- b) Tengja rannsóknarspurninguna við kenningar og eldri rannsóknir
- c) Velja aðferð (viðtal eða vettvangsathugun með/án þátttöku)
- d) Semja spurningar eða gátlista
- e) Taka viðtal eða vera á vettvangi (um það bil 3 klst.)
- f) Skráning rannsóknargagna
- g) Túlkun rannsóknargagna í ljósi kenninga
- h) Gera rannsóknarskýrslu
- i) Kynna niðurstöðurnar fyrir bekknum, þarf ekki að vera stór kynning, má vera frásögn og svo umræður í bekknum og spurningar.

Með fyrirvara um breytingar, Margrét